

# Íbúaráðstefna Langanesbyggð 4. maí 2013

---

Haldin í Félagsheimilinu Þórsveri



Umsjón: Sveitarfélagið Langanesbyggð og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Þátttakendur á íbúaráðstefnunni .....	4
Ævintýrið á Siglufirði.....	4
Fólksfjöldi og þróun byggðar .....	4
Atvinnuástand .....	6
Innviðir og atvinnustarfsemi .....	7
Stoðkerfi atvinnulífsins.....	7
Verkefni .....	7
Ferðamál.....	7
Landbúnaður og sjávarútvegur .....	8
Iðnaður og önnur þjónusta.....	10
Viðauki 1:.....	12

## Inngangur

Sveitarstjórn Langanesbyggðar ákvað á fundi sínum í mars 2013, að standa fyrir dagsfundi meðal íbúa sveitarfélagsins með áherslu á atvinnumál. Í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga var boðað til íbúaráðstefnu laugardaginn 4. maí 2013 frá kl. 10 - 15.

Dagskrá þingsins var svohljóðandi:

Kl. 10:00	Setning ráðstefnu – oddviti Langanesbyggðar
Kl. 10:05	Hin mörgu andlit stoðkerfisins, Jóna Matthíasdóttir starfsmaður AP
Kl. 10:20	Örfá orð um þróunina, Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri AP
Kl. 10:35	Ævintýrið á Siglufirði, Sigríður M. Róbertsdóttir framkvæmdastjóri Rauðku ehf. og Finnur Yngvi Kristinsson verkefnisstjóri Rauðku ehf.
Kl. 10:50	Kaffihlé
Kl. 11:00	Hópastarf hefst
Kl. 12:00	Hádegishlé
Kl. 13:00	Hópastarfi fram haldið
Kl. 14:30	Samantekt og næstu skref
Kl. 15:00	Fundarlok

Lagt var til að skipt væri í hópa eftir megin atvinnugreinum og þannig horfði hver hópur til nýrra tækifæra á eftirfarandi sviðum;

Ferðabjónusta – landbúnaður – sjávarútvegur – iðnaður/þjónusta.

- Engin atvinnugrein verði „utan dagskrár“
- Undirflokkar m.a. úrvinnsla afurða og norðurslóðatækifæri
- Þátttakendum frjálst að færa sig milli hópa

Tveir aðilar unnu með hverjum hópi, hópstjóri og ritari. Lögð var áherslu á að vinna með þankahríð þátttakenda og leggja áherslu á hugmyndalista.

## Þátttakendur á íbúaráðstefnunni

Alls voru á fundinum 26 manns alls staðar að af svæðinu, bæði íbúar og fulltrúar atvinnulífs.

Hilma Steinarsdóttir	hilmasteinars@gmail.com	
Rafn Jónsson	rafn@isfelag.is	
Ragnar Þorgeirsson	ragnarh@spth.is	
Svala Sævarsdóttir	svala.s@simnet.is	
Svanur Snæþórsson	svanurn@simnet.is	
Þorsteinn Ægir Egilsson	thorsteinna@simnet.is	
Gunnólfur Lárusson	sveitarstjori@langanesbyggd.is	
Sigríður Jóhannesdóttir	<a href="mailto:sirry@langanesbyggd.is">sirry@langanesbyggd.is</a>	
Ólöf Kristín Arnmundsdóttir	mjn@simnet.is	
Siggeir Stefánsson	siggeir@isfelag.is	
Marinó Jóhannesson	Tunguseli	
Sverrir Möller	ytralón@simnet.is	
Vilborg Stefánsdóttir	vist@simnet.is	
Sigríður Ósk Indriðadóttir	sigosk79@simnet.is	
Heba Pétursdóttir	hebape@gmail.com	
Finnur Yngvi Kristinsson	finnur@raudka.is	Verkefnisstjóri Rauðku ehf
Sigríður María Róbertsdóttir	raudka@raudka.is	Framkvæmdastjóri Rauðku ehf
Björgvin Þóroddsson	afibeggi@simnet.is	
Eyþór Atli Jónsson	svala.s@simnet.is	
Steinunn Leósdóttir	steinaleos@simnet.is	
Halldóra Gunnarsdóttir	halldoraytralón@simnet.is	
Karen Konráðsdóttir	lyngholt@lyngholt.is	
Brynhildur Óladóttir	joklaa@simnet.is	
Jóna Matthíasdóttir	<a href="mailto:jona@atthing.is">jona@atthing.is</a>	Starfsmaður Atvinnuþr.fél Þing
Reinhard Reynisson	reinhard@atthing.is	Framkvæmdastjóri AP


## Ævintýrið á Siglufirði

Sigríður María Róbertsdóttir framkvæmdastjóri Rauðku ehf. og Finnur Yngvi Kristinsson verkefnisstjóri á Siglufirði fluttu erindi um uppbyggingu og starfsemi Rauðku en fyrsti veitingastaður þeirra, Hannes Boy, opnaði árið 2010. Með tilkomu Héðinsfjarðagangna hefur orðið gjörbylting í samgöngum til staðarins og það ásamt uppbyggingu og fjölbreyttri flóru í ferðapjónustu skilar sér með auknum gestafjölda.

Fyrsta árið voru gestir Rauðku 18þús, þeim fjölgaði í 50þús á næsta ári og árið 2012 voru gestir Rauðku 80þúsund. Það eru gestir í Hannes Boy og Kaffi Rauðku en auk þess reka þau Bláa húsið sem hýsir sýningar og viðburði, hafa byggt upp leiktækjasvæði og strandblaksvöll og hafnar eru framkvæmdir við bygging á 70 herbergja hóteli sem ráðgert er að taka í notkun árið 2015. Þá hafa þau stofnað sameignarfélag með sveitarfélaginu um samstarf og uppbyggingu á skíðasvæðinu með byggingu nýs skíðaskála og gerð nýs 9 holu golfvallar við Hól. Ráðgert er að þeim framkvæmdum ljúki árið 2015.

## Fólksfjöldi og þróun byggðar


Í erindi Reinharðs Reynissonar um þróun byggðar og fólksfjölda komu fram ýmsar tölulegar upplýsingar sem sjá má í myndrænu formi. Hann ræddi einnig um innviði sveitarfélagsins og að í Langanesbyggð má finna heilstæðan leik- og grunnskóla og við taki aðstaða og aðgengi til fjárnáms bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi.




Mynd: Íbúaþróun 2001 – 2013. Á sama tíma fjölgaði landsmönnum um 13% eða 38.500-

Á næstu mynd má sjá aldursdreifingu íbúa svæðisins. Myndin sýnir Langanesbyggð vs. Landið í heild sinni.

### Age pyramid for Þórshöfn region compared with that of Iceland - January 2011






Mynd: Í myndrænu formi má sjá aldurssamsetningu íbúanna.

## Atvinnuástand

Í heild verður atvinnuástand á Norðurlandi eystra að teljast gott miðað við landsmeðaltal, og skiptir þá ekki máli í þeim samanburði hvort um sé að ræða kyn- eða aldursbundið atvinnuástand.

Í byrjun apríl mánaðar 2013 voru 17 manns á atvinnuleysisrá í Langanesbyggð samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun á Húsavík.



Mynd: samsetning starfa. Árið 2006 voru það 297 en árið 2011 var fjöldinn 290

## Innviðir og atvinnustarfsemi

Tæknilegir innviðir svæðisins, einkum á sviði orkuflutninga og samskipta, eru ekki til þess fallnir að styðja við sókn og uppbyggingu, auk þess sem óviðunandi netaðgangur hamlar margskonar möguleikum og tækifærum sem eru fyrirbyggjandi

Það liggur fyrir, að á svæðinu er öflugt fyrirtæki í sjávarútvegi. Sá grunnur sem liggur fyrir bæði að því er varðar verk- og viðskiptaþekkingu stendur á gömlum merg og er sá grunnstyrkur sem standa mun undir atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Hins vegar er það ótvírætt hamlandi þáttur hversu beinar flutningaleiðir á erlenda markaði eru takmarkaðar. Þetta á við möguleika í fullvinnslu matvæla ekki síður en ferðaþjónustu og gerir erfitt fyrir að markaðssetja landshlutann. Tækfærin til beinnar markaðssetningar eru hins vegar mjög mikil í ljósi landfræðilegrar legu og náttúrugæða, þannig að í því efni liggja miklir möguleikar.

## Stoðkerfi atvinnulífsins

Í máli Jónu Matthíasdóttur starfsmanns Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga kom fram að oft verður skörun á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar. Þegar minnst er á stoðkerfi atvinnulífsins fallast mönnum hendur og vita ekki alltaf hvert á að leita. Með stoðkerfi atvinnulífsins er átt við þær stofnanir sem reknar eru að opinberum og hálfopinberum aðilum sem er ætlað það hlutverk að stuðla að og styðja við nýsköpun og rannsóknir í atvinnulífinu. Helstu aðila í stoðkerfinu má nefna Byggðastofnun, Atvinnuþróunarfélög, Nýsköpunarmiðstöð, Ferðamálastofu, Markaðsstofur ferðamála, Þekkingarnet, Ráðgjafapjónusta landbúnaðarins og rannsóknarstofnanir svo fátt eitt sé nefnt.

## Verkefni

Þátttakendur völdu sér hóp til að vinna í og þar fóru fram líflegar umræður. Hver og einn lagði fram eins margar hugmyndir og hann hafði hvort heldur sem var um nýsköpun, umhverfismál, innviði eða skipulagsmál. Helstu niðurstöður í hverjum flokki voru;

## Ferðamál

- Vantar tengingu frá Langanesbyggð og austur í land t.d. með áætlun Strætó. Hvetja íbúa og ferðafólk til að nýta sér Strætóferðir.
- Efla Sauðaneshúsið með frekari markaðssetningu og stofna hollvinasamtök Sauðaneshússins.
- Vantar ferðamálafulltrúa til að vinna að markaðsmálum/ímyndarvinnu. Horfa til samstarfs með sveitarfélögum á svæði Norðurhjara með ráðningu starfsmanns. Nýta sér vefsíðuna [www.edgeofthearctic.is](http://www.edgeofthearctic.is), bæði til að setja inn efni sem og til að nýta á svæðisbundnar síður.
- Stangaleiga á bryggjunni. Finna þjónustuaðila og hefja viðræður við hafnarvörð
- Siglingar / sjóstangaveiði. Hafa verið reddingar í gangi. Kynna tækifæri fyrir sjómenn, ná þeim á fund. Leyfismál geta verið hamlandi, þ.e. samnýting báts við veiðar og ferðaþjónustu
- Gönguleið á hafnargarðinn og hugmyndir um útsýnispall á Gunnólfsvíkurfjalli. Telja að þetta sé þarft verk og gott tækifæri. Skoða í samvinnu við Norðurhjara og umsókn um nýja áfangastaði.
- „Hands on“ ferðamennska. Kynna sér hvað það er og hver bjóði uppá slíka þjónustu á Íslandi. Fá þann til fundar með bændum og öðrum atvinnurekendum.
- Smíða líkan af Skálum sem gæti verið hugsanlegt samstarfsverkefni með skólanum. Reisa arininn við Skála. Athuga samvinnu við Norðurhjara og umsókn um nýja áfangastaði.

- Fjölskyldugarðurinn. Til er eldri viðskiptaáætlun og hönnun. Tillaga um að setja nefnd á laggirnar sem fari lengra með verkefnið.
- Hlaupa/gönguleið um þorpið. Hentug fyrir heilsueflingu. Eyþór hefur grunnhönnun undir höndum, ekki dýr eða erfið framkvæmd.
- Umhverfismál innan sveitarfélagsins. M.a að endurbæta aðstöðu tjaldsvæðis og e.t.v. setja þar upp leiktæki. Nýtist bæjarbúum og gestum.
- Kátir dagar. Gera tilraun til að skipa nýja nefnd.
- Netsamband víða lélegt og dýrt. Sveitarfélagið beiti áhrifum sínum og þrýsti á viðeigandi aðila um úrbætur
- Hugmyndir að vetrarafþreyingu t.d. ísdorg, gönguskíðaferðir og jeppaferðir. Tækifæri fyrir áhugafólk um útivist.
- Hugmynd að Myrkrahótel í heiðinni sbr. Draugasetrið á Stokkseyri
- Laxveiðimenn. Kanna möguleika á frekari þjónustu við þennan hóp
- Fuglaskoðun. Þar leynast ýmis tækifæri m.a. hafa fuglaljómyndakeppni. Þegar er komið eitt fuglaskoðunarhús og fyrirhugað að reisa útsýnispall á Skoruvíkurbjargi við Stórákarl. Mjög brýnt að klára það verk.
- Vegasamgöngur. Vegurinn út á Langanes þarfnast úrbóta.

## Landbúnaður og sjávarútvegur

Góðar umræður voru um landbúnaðar og sjávarútvegsmál og tækifæri á þeim sviðum. Nokkur umræða var um skipulagsmál t.a.m. sem snerta frístundabændur. Þá var nokkur umræða um göngur og fjallskilamál. Hópurinn ræddi einnig um innviði svæðisins og ímyndarmál.

Marínó vakti athygli á að beitarhólf nái yfir 1230 ferkílómetra svæði.

Sveitarfélagið er í umfangsmiklum hafnarframkvæmdum og nokkur hundruð milljónir fara í dýpkun og stækkun viðlegukants.

Skoða má að sækja um styrki í verkefni líkt og skráningu jarða og til rannsókna á þaramagni í Bakkafirði með væntanlega vöruþróun og nýsköpun í huga.

Í umræðu um nýtingu sjávarafura og hugsanlega nýtingu á slóg þá má benda á að á Stöðvarfirði er bráðabirgðaleyfi til þess að henda slóg aftur í sjóinn í stað þess að urða hann í landi.

Nauðsynlegt er að horfa til þess að endurheimta votlendi t.d. á eyðijörðum og eða í eigu sveitarfélagsins og moka ofan í skurði.

Hópnum taldist til að aðeins væru 4 bændur sem sinntu skógræktarverkefni bænda og ástæða til að hvetja fleiri til þess að taka þátt í því verkefni. Leiðir til að fjölga störfum eru m.a. að koma jörðum aftur í landbúnaðarnotkun og með meiri ýsukvóta væri t.d. hægt að fjölga störfum strax um 5 – 7 í framleiðslu á harðfiski. Þá er það áhyggjuefni að allt að 50% tekna hjá ferðaþjónustubónda fer í rafmagns- og olíukostnað.

- Efla háhraðasamband 3G/4G
- Jafna raforkukostnað yfir landið og bæta kjör varðandi raforkuverð
- Fá veðurstöð á Þórshöfn, er einnig hluti af sýnileika/ímynd svæðisins
- 3ja fasa rafmagn
- Bæta vegakerfið innan sveitarfélagsins
- Betri nýting á bæði sjávar- og landbúnaðarafurðum
- Nýta slóg í annað en að urða það



- Tækfærin í Gangnamannakofum, tengja við ferðamál og útivist
- Kortleggja jarðir í sveitarfélaginu og skrá stærð og nýtingu
- Kortleggja þær jarðir sem ekki eru í landbúnaðarnotkun og leita leiða til samninga svo hægt er að halda þeim í notkun, auka og efla bændasamfélagið með fleiri bændum, meiri afurðum og viðhalda jörðum í notkun. Það fjölgar bændum og fækkar eyðibýlum
- Setja álögur á eyðibýli
- Endurheimt votlenda. Er m.a. hluti af ímynd landbúnaðarins
- Sameina fjallskiladeildir í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi. Skilar sér í betri nýtingu og skipulagi í göngum og beit. Fá hestamenn í samstarf þegar kemur að göngum
- Skipta sumarreit í 4 – 5 hólf. Það tryggir öryggi og velferð sauðfjár, það veitir aukið sjálfstæði landa, gefur betri beitarnýtingu og tækifæri til bættra afurði. Bætir fjallaskil.
- Efla byggð á Langanesströnd
- Tækifæri í Skógrækt. Jákvætt, gott fyrir umhverfið, fjölbreyttari ásýnd og atvinnuskapandi
- Skipulagsmál. Efla frístundabyggð. Skoða skipulagsmál tengd landbúnaði í kringum þéttbýlið.
- Bæta stjórnarsýslu vegna landbúnaðarmála í sveitarfélaginu
- Fara í verklega félagslega framkvæmd í almannabágu sem sýnir að sveitin skipti samfélaginu máli.
- Að selja þær eignir sveitarfélagsins sem ekki skila arði eða sveitarfélagið ræður ekki við að viðhalda
- Efla verslun og þjónustu. Þarf að auka framboð, fá fjölbreyttari þjónustu og lækka vöruverð.
- Hár flutningskostnaður hefur mikil áhrif á vöruverð og þjónustu
- Fara í fullnýtingu sjávarafurða
- Setja á fót fiskibúð á Þórshöfn (og kjötborð) gæti verið í samvinnu við Fiskmarkað
- Efla afurðir beint frá býli og horfa til matar úr héraði, matarupplifun.
- Horfa til landbúnaðartengdrar ferðaþjónustu
- Auka afþreyingu og gera hana sýnilegri. Fá fólk til að stoppa lengur, t.d með sjóstöng og náttúruskoðun
- Fullnýting afurða, t.d. framleiðsla á jólas krauti úr þvagblöðrum lamba
- Vinna markvisst að því að styrkja félagsvitund íbúanna og efla sjálfsmýnd þeirra
- Að virkja eða fá hugvit á sviði félagsvísinda, gæðahópastarf í samfélagið
- Skoða aukin tækifæri og möguleika hjá Fiskmarkaðnum sem sinnir svæði frá Húsavík til Borgarfjarðar eystri.
- Skoða möguleika í kræklingaræktun
- Leita tækifæra og markaða í lifandi kúfiskel
- Kanna möguleika með mati á stærð í þara og þangi í Þistilfirði/Bakkafirði
- Fulla atvinnusköpun við grásleppu, efla það sem fellur til og ekki senda allt í burtu
- Festa kvóta til langs tíma í Bakkafirði fyrir vinnslu á svæðinu
- Stækkun á smábátahöfn
- Hafnaraðstaðan bætt og gerð samkeppnishæf við aðrar hafnir.
- Vinna að ímynd svæðisins, gera svæðið sýnilegt.
- Horfa til umhverfismála, betri vegi til sveitabæja og koma malbiki í bæjarhlað.
- Fara í umhverfisátak varðandi ónýta bíla, vélar og annað járn.
- Að nýta orku úr úrgangi til að styðja við nýjar atvinnugreinar á svæðinu, svo sem garðyrkju
- Vinna fiskúrgang og þara til uppgræðslu í samvinnu við Landgræðsluna eða aðrar stofnanir

## Ógnanir sem hópurinn um landbúnað og sjávarútveg skilgreindi

- Úthlutun kvóta minnki ekki til núverandi handhafa líkt og t.d. Ísfélagið, Geir, Digranes og fl.
- Eyðingarir sem fást ekki til nýtingar í landbúnaði
- Auðlindargjald og byggðaskattur
- Framleiðendur á svæðinu taka á sig flutningskostnað til og frá svæðinu
- Hækkun á bensín og olúgjaldi
- Eftirlitsiðnaður og margvíslegur skattur, mismunandi hvort rafmagn eða olía. Álögur á fyrirtæki og landbúnað
- Takmörkun á flutningsgetu orku getur skekkt samkeppnisaðstöðu og búsetuskilyrði
- 

## Iðnaður og önnur þjónusta

Þar fór fram nokkur umræða um verkefni tengd Norðurslóðum og hvernig hægt er að koma svæðinu á framfæri auk þess sem rætt var um hvernig við viljum sjá þá þróun. Olúhreinsistöð er t.d. umdeild og vangaveltur um hvort olúhreinsunarstöð og stórskiphöfn þurfi t.d. að fara saman.

Nauðsynlegt er að efla innviði líkt og háhraðatengingu og fá fólk með nauðsynlega menntun til búsetu

- Verkefni tengd Norðurslóðum
- Öryggismiðstöð vegna Drekasvæðis
- Koma upp olúhreinsunarstöð
- Þjónusta tengd olíuleit t.d. öryggismiðstöð og önnur þjónusta
- Þjónusta tengd Grænlandi t.d. samgöngur
- Verkefni vegna siglinga á Norðurslóðum m.a. umskipun, þjónusta og öryggismiðstöð
- Verkefni tengd sorpvinnslu. Taka á móti flokkuðum úrgangi og fara í flokkun, þökkun, förgun og endurnýtingu
- Koma upp virkjun, rafmagn, á svæðinu
- Fjölbreytt þjónusta s.s. símsvörun, fjarkennsla, þýðingar og þjónusta opinberra stofnana.
- Frekari fullvinnsla sjávarafurða. Kúfskelin er álitlegur kostur vegna hreinleika í lyfjagerð, heilsu- og lúxusvörur.
- Ýmis smáíðnaður líkt og framleiðsla bjórs úr þara, heilsuvörur, fullvinnsla salts úr eimuðum sjó
- Setja upp handverkshús. Minjagripagerð úr hráefnum af svæðinu líkt og egg, rekavið og kúfskel
- Fullvinnsla ullar
- Framleiðsla á heilsuréttum t.d. úr hvönn, fjallagrösum ofl.
- Nýta með einhverjum hætti svartfuglsegg og kúfskel
- Vatnsútflutningur, kanna tækifæri
- Rannsóknir á sjávarafurðum með samstarfi við Matís
- Lítil verksmiðja sem bræðir slóg og bein af svæðinu
- Aðstaða fyrir rannsóknir vegna olíumiðstöðvar og stórskipa. Þar gæti húsnæðisskortur verið vandamál
- Skoða smávirkjarnir í ár

Lagt er til að setja upp Verkefnahóp atvinnumála sem er skipaður fulltrúum úr Atvinnu- menningar- og ferðamálanefnd, auk fulltrúa frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og Menntasetri Þekkingarnets Þingeyinga á Þórshöfn. Hópurinn vinni úr þeim tillögum sem hafa komið fram og finni þeim frekari farveg, annað hvort innan raða sveitarfélagsins eða meðal fyrirtækja og frumkvöðla.

Fyrstu tillögur að verkefnum til að vinna að eru þessar;

Verkefni	Flokkur	Ábyrgð
Endurbæta aðstöðu tjaldsvæðis	Umhverfismál / ímynd	Sveitarfélagið Langanesbyggð
Fjarlægja ónýta bíla, vélar, járn	Umhverfismál / ímynd	Sveitarfélagið Langanesbyggð
Frístundabyggð	Skipulagsmál	Sveitarfélagið Langanesbyggð
kortlagning jarða og eyðibýla	Atvinnumál / umhverfismál	Landbúnaðarnefnd
Sameining fjallskiladeilda, sumararbeit	Landbúnaður	Fjallskilanevnd / landbúnaðarnefnd
Gönguleiðir - Hlaupaleiðir	Ferðamál / Ímynd	Norðurhjar - Íþróttafélag - íþróttahús
Efla skógrækt,		
Efla netsamband	Atvinnumál / ímynd	Sveitarfélagið Langanesbyggð
Þórshöfn - veðurstöð	Ímynd / öryggismál	Sveitarfélagið Langanesbyggð
Fullvinnsla sjávarafurða ***	Atvinnumál	Verkefnahópur atvinnumála
Handverkhús og framleiðsla*	Atvinnumál	Verkefnahópur atvinnumála
Nýta fiskúrgang ofl. til uppgræðslu	Atvinnumál / umhverfismál	Atvinnumálanefnd / Landgræðslan
Efling ferðapjónustu **	Atvinnumál / ímynd	Norðurhjar - Atvinnumálanefnd
Bæta vegakerfið innan sveitarfél	Samgöngumál	Sveitarfélagið Langanesbyggð
Nýting á Strætó, tenging austur	Samgöngumál	Sveitarfélagið Langanesbyggð
** Þjónusta v. laxveiðimenn		
** Sjóstöng og siglingar		
** Vetraraflpreying		
*** nýting og rannsóknir á kúfiskel		
*** magn og nýting á þara		
*** aukin tækifæri Fiskmarkaðar		
*** fullnýting grásleppu		
*** ath mögulega kræklingaræktun		
*möguleiki á sölu mat úr héraði		

## Viðauki 1:

### Landbúnaður og kjötvinnsla

**Ullarvinnsla**, hvort heldur sem er í handverki eða öðru, td. Jólaskraut úr þvagblöðrum lamba.

Framkvæmdaraðilar: einstaklingar

**Fisk og kjötvæðing** – **matur úr héraði** auka framboð, gæti verið í samstarfi við Fiskmarkað og kjötvinnslu

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar og fyrirtæki

**Landbúnaðartengd ferðaþjónusta**

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar og fyrirtæki

**Gangnamannakofar** tækifæri til að tengja við ferðamál og útivist

**Kortlagning jarða í sveitarfélaginu**, skrá stærð og nýtingu

**Kortlagning eyðibýla/jarða ekki í landbúnaðarnotkun** leita leiða til samninga svo hægt sé að halda þeim í landbúnaðarnotkun, auka og efla bændasamfélagið með fleiri bændum, meiri afurðum og viðhalda jörðum í notkun. Það fjölgar bændum og fækkar eyðibýlum.

**Endurheimt votlenda** er m.a hluti af ímynd landbúnaðarins

**Sameina fjallskiladeildir í langanesbyggð og Svalbarðshreppi**. \* Skilar sér í betri nýtingu og skipulagi í göngum og beit

**Sumarheit**, skipta sumarheit í 4 – 5 hólf. Það tryggir öryggi og velferð sauðfjár, veitir aukið sjálfstæði landa, gefur betri beitarnýtingu og tækifæri til bættra afurða. Bætir fjallskil.

**Skógrækt**, leita tækifæra sem er jákvæð, gott fyrir umhverfið, fjölbreyttari ásýnd og atvinnuskapandi.

### Sjávarútvegur og fiskeldi

**Fullvinnsla sjávarafurða**, kúfskelin er álitlegur kostur vegna hreinleika í lyfjagerð, heilsu- og lúxusvörur.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar og starfandi fyrirtæki

**Ýmis smáíðnaður** m.a. framleiðsla bjórs úr þara, heilsuvörur, fullvinnsla salts úr eimuðum sjó

Framkvæmdaaðilar: Starfandi fyrirtæki og einstaklingar

**Rannsóknir á sjávarafurðum með samstarfi við Matís.**

Framkvæmdaaðilar: fyrirtæki

**Verksmiðja sem bræðir slóg og bein af svæðinu** frekari nýting á afurðum, nýta slóg í annað en urða það, jafnvel fara í samvinnu við Landgræðsluna eða aðrar stofnanir. Vinna þara og fiskúrgang til uppgræðslu.

Framkvæmdaaðilar: fyrirtæki, sveitarfélagið, Landgræðslan

**Vinnsla á grásleppu** nýta og efla það sem fellur til og ekki senda allt í burtu. Leita nýrra tækifæra

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélag, fyrirtæki og einstaklingar

### Önnur matvælaframleiðsla

**Framleiðsla á heilsuréttum** t.d. úr hvönn, fjallagrösom, nýting á svartfuglseggjum og kúfskel o.fl.

Framkvæmdaraðilar: Starfandi fyrirtæki og einstaklingar

### Ferðaþjónusta

**Sauðaneshúsið**, efla rekstur þess með frekari markaðssetningu og stofna hollvinasamtök Sauðaneshússins.

Framkvæmdaraðilar: Sveitarfélag og starfandi fyrirtæki.

**Strætó**, vantar tengingu frá Langanesbyggð og austur í land, t.d. með áætlun Strætó. Hvetja til notkunar

Framkvæmdaraðilar:

**Siglingar, fyrir ferðamenn** útsýnissiglingar og sjóstangveiði. Aðstaða við höfnina er mjög góð og þó nokkrir smábátar á staðnum. Þjóða einnig upp á stangaleigu á bryggjunni. Þarf samstarf við höfnina

Framkvæmdaraðilar: Einstaklingar og starfandi fyrirtæki.

**Gönguleið um hafnargarðinn og útsýnispallur á Gunnólfsvíkurfjalli. Hlaupa og gönguleið um þorpið**

\* Nýtist í ferðaþjónustu og fyrir almenning. Skoða í umsókn um nýja áfangastaði. Eypór hefur grunnhönnun undir höndum, ekki dýr eða erfið framkvæmd.

Framkvæmdaraðilar: Norðurhjari, sveitarfélagið

**Stríðsminjasafn á Heiðarfjalli**

**Ferðamálafulltrúi** \*, vantar ferðamálafulltrúa til að vinna að markaðsmálum og ímyndarvinnu. Horfa

til samstarfs með sveitarfélögum á svæði Norðurhjara. Nýta sér vefsíðuna [www.edgeofthearctic.is](http://www.edgeofthearctic.is)

Framkvæmdaraðilar: starfandi fyrirtæki og sveitarfélagið

**Hands on ferðamennska**, Kynna sér hvað það er og hver þjóði upp á slíka þjónustu á Íslandi. Fá þann aðila til fundar með bændum og öðrum atvinnurekendum

Framkvæmdaraðilar: Einstaklingar og starfandi fyrirtæki.

**Smíða líkan af Skálum**, hugsanlegt samstarf með skólanum. Reisa arininn við Skála. Gæti fallið að umsókn um nýja áfangastaði

Framkvæmdaraðilar: Norðurhjari, skólinn

**Fjölskyldugarðurinn**, Til er eldri viðskiptaáætlun og hönnun. Tillaga um að setja nefnd á laggirnar sem fari lengra með verkefnið.

Framkvæmdaraðilar: Einstaklingar

**Endurbæta aðstöðu við tjaldsvæðið** \* hluti af ímynd sveitarfélagsins og umhverfismál. Athuga með uppsetningu á leiktækjum við tjaldsvæðið og laga aðbúnað.

Aðstandendur: Sveitarfélagið, Norðurhjari

**Kátir dagar**, \* gera tilraun til að skipa nýja nefnd

Framkvæmdaraðilar: Sveitarfélagið og íbúar

**Vetraraþfeyring** . Nýir möguleikar í vetraraþfeyringu, ísdorg, gönguskíðaferðir og jeppaferðir.

Hugmyndir að Myrkráhótelu í heiðinni sbr. Draugasetrið á Stokkseyri.

Framkvæmdaraðilar: einstaklingar og fyrirtæki

**Netsamband** lélegt netsamband, auk þess að vera dýrt. Hluti af ímynd svæðisins auk þjónustuskerðingar. Sveitarfélagið beiti áhrifum sínum og þrýsti á viðeigandi aðila um úrbætur

Framkvæmdaraðilar: Sveitarfélagið

**Handverkshús**. \* Ekkert handverkshús er á Þórshöfn, úr því mætti gjarnan bæta. Hugmyndir um að vinna úr nýju og spennandi hráefni. Jafnvel möguleiki á að skoða litla verslum með „mat úr héraði“

Framkvæmdaraðilar: Einstaklingar

**Laxveiðimenn** . Kanna möguleika á frekari þjónustu við þennan hóp dvalargesta

Framkvæmdaraðilar: Einstaklingar

**Fuglaskoðun** ýmis tækifæri í fuglaskoðun í samstarfi við Fuglastíginn á Norðausturlandi. Hafa fuglaljósmyndakeppni. Komið eitt fuglaskoðunarhús og unnið að framkvæmdum á útsýnispalli á Skoruvíkurbjargi við Stórákarl.

Framkvæmdaraðilar: Norðurhjari, sveitarfélagið, Fuglastígurinn

## Þjónusta og iðnaður

**Netsamband**. \* Efla háhraðasamband 3G/4G

Framkvæmdaraðili: Sveitarfélag

**3ja fasa rafmagn/virkjun**, \* hluti af rekstrarskilyrðum fyrirtækja. Einnig að jafna raforkukostnað yfir landið og bæta kjör varðandi raforkuverð. Koma upp virkjun á svæðinu. Skoða smávirðjanir í ár

Framkvæmdaraðilar: sveitarfélag, starfandi fyrirtæki,

**Verkefni tengd Norðurslóðum**, t.d. öryggismiðstöð vegna Drekasvæðis, koma upp olíuhreinsunarstöð, þjónusta tengd olíuleit, þjónusta tengd Grænlandi, umskipun ofl. Aðstaða fyrir rannsóknir vegna olíumiðstöðvar og stórskipa.

Framkvæmdaraðilar: sveitarfélagið og fyrirtæki

**Veðurstöð**, fá veðurstöð á Þórshöfn. Hluti af öryggismálum og ímynd staðarins

Framkvæmdaraðilar: Sveitarfélagið, ríkið

**Sorpvinnsla**, taka á móti flokkuðum úrgangi. Fara í flokkun, pökkun, förgun og endurnýtingu

Framkvæmdaraðilar: Sveitarfélag

**Vatnsútflutningur** kanna tækifæri í tengslum við vatnsútflutning.

Framkvæmdaraðilar: Sveitarfélag og einstaklingar

**Efling verslunar og þjónustu** þarf að auka framboð, fá fjölbreyttari þjónustu og lækka vöruverð. Efla afurðir beint frá býli og horfa til matar úr héraði

Framkvæmdaraðilar: fyrirtæki og íbúar

**Opinber störf** ná verkefnum sem snúa að fjölbreyttri þjónustu, líkt og símsvörun, fjarkennslu, þýðingar og þjónustu opinberra stofnana.

Framkvæmdaraðilar: Ríkið, sveitarfélag, fyrirtæki

## **Grunngerð og menning**

**Kátir dagar** (fjölbreytt og metnaðarfull, þar sem sérstaklega er reynt að höfða til brottfluttra og annarra þeirra sem tengdir eru staðnum, sami tími ár hvert)

Framkvæmdaraðilar: Sveitarfélag, einstaklingar og starfandi fyrirtæki.

**Styrkja félagsvitund íbúa og efla sjálfmynd þeirra \***

Framkvæmdaraðilar: Sveitarfélagið og einstaklingar.

**Stækkun á smábátahöfninni**, hafnaraðstaða bætt og gerð samkeppnishæf við aðrar hafnir

Framkvæmdaraðilar: Sveitarfélagið

**Hár flutningskostnaður**, hefur mikil áhrif á vöruverð og þjónustu

Framkvæmdaraðilar: Ríkið, sveitarfélag og fyrirtæki

**Skipulagsmál**. Skipulag á frístundabyggð og efling hennar. Skipulagsmál tengd landbúnaði í kringum þéttbýlið. Bætt stjórnarsýsla vegna landbúnaðarmála

Framkvæmdaraðilar: Sveitarfélagið.

**Kvótamál**. Festa kvóta til langs tíma í Bakkafirði fyrir vinnslu á svæðinu

Framkvæmdaraðilar: sveitarfélagið, ríkið, fyrirtæki

**Umhverfisátak**. Fjarlægja ónýta bíla, vélar og annað járn. Endurskoða vegamál að sveitarbæjum, alsherjar umhverfisátak í sveitarfélaginu

Framkvæmdaraðilar: sveitarfélagið og íbúar

Flokkun hugmynda	Auðveld í framkvæmd/rekstri	Meðal	Erfið í framkvæmd/rekstri
<b>Mikið atvinnuskapandi</b>  fimm eða fleiri starfsmenn	<b>1</b>	<b>2</b>  Kvótamál Bakkafjörður <b>S</b>	<b>3</b>  Fullvinnsla sjávarafurða <b>F</b>  Grásleppuhrognavinnsla <b>F</b>  Verkefni Norðurslóðir <b>S</b>
<b>Meðal</b>  tveir til fjórir starfsmenn	<b>4</b>  Handverkshús* <b>E</b>	<b>5</b>  Fisk- og kjötverslun <b>E</b>	<b>6</b>  Útsýnissiglingar, sjóstangveiði <b>E</b>  Opinber störf <b>S</b>  Ýmis smáiðnaður <b>E</b> Framleiðsla á heilsuréttum <b>F</b>  Verksmiðja, slóg&bein <b>F</b>  Vatnsútflutningur <b>E/S</b>
<b>Lítið atvinnuskapandi</b>  Einn eða færri starfsmenn	<b>7</b>  Árleg hátíð (kátir dagar) * <b>E</b>  Göngu- & hlaupaleið ofl* <b>E</b> Endurbæta tjaldsvæðið* <b>S</b>	<b>8</b>  Skógrækt <b>E</b>  Skoðunarhús fuglar/selir <b>E</b> Landbúnaðartengd ferðaþjónusta <b>E</b>  Ferðamálafulltrúi* <b>S</b>	<b>9</b>  Vetraraþpreyingar <b>E</b>  Stríðsminjar á Heiðarfjalli <b>E</b>

\*Atriði sem skipta miklu máli þrátt fyrir að skapa í sjálfu sér fá störf (grundvöllur að öðru, samfélagslegt gildi)

Framkvæmdaraðili: Einstaklingar = **E**, starfandi fyrirtæki = **F**, Sveitarfélög = **S**, Ríkið = **R**